

Mikilfenglegt súlukast við Ólafsvík



Á mánudag mátti sjá mikið af súlum stinga sér eftir fiski út af Ólafsvík og víðar á norðanverðu Snæfellsnesi.

Súlan er oft nefnd drottning Atlantshafsins vegna þess hve tíguleg hún er. Er venjulega félagslynd og flýgur oft í litlum hópum lágt yfir haffleti.

Súlukast er það kallað þegar súlan stingur sér eftir æti með að-

felldum vængjum, lóðrétt úr allt að 40 m hæð, en einnig á ská úr minni hæð á grunnu vatni. Fæðan er fiskur, eins og síld, loðna, makrill, þorsfiskar, sandsíli o.fl. Í samtali við sjómenn á mánudag kom fram að þeir urðu varir við síld við veiðar og má því telja líklegt að súlurnar hafi verið að elta síld upp í fjöru.

JÓ

Tjón á ferðavögnum í óveðri



Veðrið kom einhverjum að óvörum á sunnudaginn þegar sterkar vindhviður gerðu vart við sig á norðanverðu Snæfellsnesi. Ferðamönnum var ráðlagt að fara ekki af stað með eftirvagna vegna vinds en samkvæmt mælingum í Ólafsvík fóru vindhviður yfir 30 m/s um hádegisbil. Mikill fjöldi fólks var á ferða-

lagi um helgina enda sól og blíða fyrri part helgar. Einhverjir kusu að skilja eftirvagna eftir á öruggum stöðum í stað þess að halda af stað í rokinu. Á myndinni sem Þórey Úlfarsdóttir tók á sunnudaginn má sjá hjólhýsi sem hafði fokið á hliðina á tjaldsvæðinu í Ólafsvík.

JJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Hanna og Lena í söngkeppni

Söngelsku systurnar Hanna og Lena Imgront halda áfram að elta drauma sína og í júní kepptu þær í söngkeppninni Aire Nuevo í Spáni. Keppnin fór fram í Coma ruga, rétt sunnan við Barcelona og ferðuðust þær þangað í boði skipuleggjenda ásamt foreldrum sínum. Keppnin er fyrir 6 til 24 ára en Lena keppti í flokki 6 til 10 ára og Hanna keppti í flokki 14 til 17 ára. Yfir 50 þátttakendur frá níu löndum tóku þátt í keppninni og fluttu tvö lög hver. Hanna söng lagið Goddess eftir söngkonuna Laufey og I just wanna make love to you eftir Etta James. Lena söng Is it true eftir Jóhönnu Guðrúnu og What a wonderful world eftir Louis Armstrong. Systurnar náðu góðum árangri í sínum aldursflokkum en Lena tók 5. sætið í sínum flokki og Hanna landaði 2. sæti í sínum flokki. Segjast þær

eiga heiðurinn að þakka mikilli vinnu í tónlistaskóla Snæfellsbæjar undir umsjón kennaranna Eleny Makeeva og Valentinu Kay, sem hjálpuðu þeim að komast svona langt í söngnum. Keppnin fór fram á nokkrum fallegum stöðum, þar á meðal á tónleikasal og hjá ströndinni og var keppnin mjög hörð og krefjandi. Hanna og Lena fundu þó líka tíma til að eyða skemmtilegum frístundum með fjölskyldu sinni, í hvil á sólarströnd og á sundlaugabakkanum, í skoðunarferðum um nágrennið, Costa Dorada og Barcelona. Þar með er tónleikaævintýri systrana þó ekki lokið. Haustið 2023 kepptu þær í alþjóðlegu Euro pop keppninni Berliner Perle þar sem þær komust báðar í úrslit í sínum aldursflokki. Í Berlín voru fulltrúar Baltic Voice, alþjóðlegrar söngvakeppni í Lit-



háen á staðnum sem buðu systrunum að koma að taka þátt og eru þær núna staddar í Litháen á umræddri keppni sem stendur yfir til 5. júlí. Þar eru þátttakend-

ur frá 19 löndum saman komnir í Klaipeda. Óskum við systrunum góðs gengis.

SJ

Fyrsti sigur Reynis í sumar

Reynir H. átti fyrsta sigur tímabilsins þegar liðið mætti Afríku síðastliðinn miðvikudag á OnePlus vellinum. Kristófer Máni Atlason skoraði fyrsta mark leiksins á 7. mínútu. Lið Afríku svaraði fyrir sig með marki á 32. mínútu og því staðan jafntefli í hálfleik. Lið Reynis kom sterkt úr klefanum eftir hálfleik en Hreinn Ingi Halldórsson kom þeim aftur yfir þegar hann skoraði á 52. mínútu. Kristófer Máni jók muninn þegar hann skoraði annað mark sitt á 83. mínútu og staðan því 3-1. Leikmaður Afríku náði að minnka muninn aftur þegar hann skoraði lokamark leiksins á 85. mínútu. Staðan við leikslok var því 3-2 fyrir Reyni H og fyrsti sigur sumarsins í höfn.

Leikmenn Reynis fengu ekki mikinn tíma í endurheimt á milli leikja en þeir áttu leik á Stokks-

eyrarvelli þann 30. júní, aðeins fjórum dögum eftir leik þeirra á móti Afríku. Kristófer Máni byrjaði þann leik eins og skoraði fyrsta mark leiksins á 3. mínútu. Stokkseyri svaraði fyrir sig með fimm mörkum í fyrri hálfleik. Staðan í hálfleik var því 5-1 fyrir Stokkseyri. Í seinni hálfleik bættu þeir við marki á 50. mínútu en lið Reynis náði aðeins að klóra í bakkann þegar Dawid Jerzy Zuk og Hreinn Ingi skoruðu mörk á 68. og 76. mínútu. Síðasta mark leiksins kom á 86. mínútu þegar Stokkseyri skoraði sjöunda mark sitt í leiknum og staðan því 7-3 við leikslok.

Reynir H. er í 8. sæti deildarinnar eftir átta leiki. Næsti leikur liðsins verður þann 5. júlí í Fagralundi í Kópavogi klukkan 20:00.

JJ



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Fyrsti leiklestur hjá Leikfélaginu Laugu



Þann 24. júní var fundur hjá Leikfélaginu Laugu sem er svosem ekki óvenjulegt nema fyrir það að þá fór fram fyrsti lestur á nýju verki sem félagið mun setja upp. Stuttu fyrir fundinn voru opnar áheyrnarprufur fyrir aðalhlutverk leikritsins en þá bauð leikfélagið stelpum í 7. og 8. bekk að spreyta sig fyrir hlutverkið. Verkið verður sýnt í lok

október undir leikstjórn Alexanders Stutz en síðustu tvö ár hefur leikfélagið sett upp geysivinsæl leikrit. Grín leikritið Sex í sama rúmi, leikstýrt af Kára Viðarssyni var sýnt í Röstinni haustið 2022 og morðgátan Bréf frá Önnu var sett upp í Klifi haustið 2023, leikstýrt af Halldóru Unnarsdóttir.

Meðfylgjandi mynd er frá fyrsta lestri fyrir nýju sýninguna.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Þrautreyndar rekstrarvörur! Allt á einum stað!



Salernispappír 500 blaða

Tveggja laga hvítur salernispappír með 500 blöðum á rúllu. Ein rúlla jafnast á við tvær og hálfa rúllu af hefðbundnum rúllum. Hagkvæmt og þægilegt.



Risa-WC

Salernispappír Júmbórúllur. Stórar rúllur af salernispappír fyrir skammtara, stærri og minni gerð. Umhverfisvottað með Evrópublóminu.



Miðapurkur (Z- & V- brot) og rúllur

Umhverfisvottað með Evrópublóminu.



Ecodos Skömmunarbrúsar

Ecodos hreinsiefnin eru umhverfisvottuð í brúsum úr endurunnu plasti og með innbyggðum skömmunarbúnaði, Gler- og innréttingahreinsir. Baðherbergishreinsir. Gólfþvottur. Fituleysir. Tauþvottaefni.



Tauþvottaduft Voot 15kg

Öflugt þvottaduft fyrir tauþvott, hentar vel fyrir vinnufatnað, sængurfatnað, handklæði o.fl.



Eldhúsrúllur Blossom

Tveggja laga hvítar eldhúsrúllur með 88 blöðum á rúllu, 28 rúllur í sölueiningu. Umhverfisvottað með Evrópublóminu.

Sterk og endingargóð hreinlætisáhöld sem þola allt að 134°C.

Áhöldin bera vottanir Evrópusambandsins, BRCGS og FDA.

Sópar og burstar



Heilsteyptar þvörur



Fiber- og álsköft



Kraftakeppnin Víkingurinn á Snæfellsnesi

Víkingurinn kraftakeppni fór fram helgina 28. til 30. júní en keppnin er hluti af Magnus Ver Magnusson classic series. Magnús Ver, sem hefur unnið sterkasti maður í heimi fjóru sinnum, setti þennan viðburð á laggirnar en í Víkingnum koma keppendur frá öllum heimshornum saman og keppa í kraftlyftingum víðsvegar um Ísland. Í ár fór keppnin fram á Vestirlandi og voru 10 keppendur sem tóku þátt í átta greinum í fjórum sveitarfélögum á þremur dögum. Keppnin byrjaði í Hvalfjarðarsveit 28. júní með drumblyftu og kasti yfir vegg. Laugardagur-

inn hófst svo í Grundarfirði við Bjargarstein mathús þar sem keppt var í herkúlesarhaldi og steinatökum. Að því loknu færði hópurinn sig yfir til Ólafsvíkur þar sem keppt var í steinpressu og bryggjupolla burði við Pakkhúsið. Keppnin endaði svo í Stykkishólmi á sunnudeginum þar sem keppt var í réttstöðulyftu og blandaðri grein. Vilíus Jokuzyz frá Litháen sigraði Víkinginn 2024. Sverrir Karlsson tók meðfylgjandi mynd frá viðburðinum í Grundarfirði og Halldóra Unnarsdóttir tók myndina frá keppninni í Ólafsvík.

SJ



Jafntefli í leik Víkings og KFG

Víkingur Ó. átti leik á Íslands-móti í 2. Deild karla á Sam-sungvellinum síðastliðinn laugar-dag. Leikurinn byrjaði ekki vel en á 2. mínútu skoraði leikmaður KFG fyrsta mark leiksins. Fyrir utan það var fyrri hálfleikur tíð-indalíttill og fóru Víkingsmenn því í hálfleik einu marki undir. Á 60. mínútu skoruðu KFG menn annað mark og bættu svo því þriðja við á 70. mínútu. Á 78. mínútu lifnaði yfir liði Víkings þegar Þorsteininn Már Ragnarsson skoraði fyrsta mark liðsins. Stuttu seinna skoraði KFG sjálfsmark en bættu upp fyrir það með marki á 88.

mínútu. Þegar fullum leiktíma var lokið var staðan 4-2 fyrir KFG og dómari bætti 7 mínútum við í uppbótatíma. Sá tími var vel nýttur en Björn Axel Guðjónsson skoraði mark þegar 3 mínútur voru búnar af uppbótatíma og mínútu seinna skoraði Gary John Martin fjórða mark Víkings Ó. Staðan við leikslok var því jafntefli, 4-4. Víkingur heldur öðru sæti í deildinni og er eina taplaus liðið þegar níu leikir eru búnir.

Næsti leikur fer fram á Blöndu-ósvelli á móti Kormákur/Hvöt þann 3. Júlí klukkan 19:15.

JJ

Björg á siglingu í 8 klst



Fimmtudaginn 27. júní var Björgunarskipið Björg kallað út vegna lítils fiskibáts í vanda. Báturinn var staddur undan Rauðasandi með bilað stýri, bátinn rak hægt undan norðan-áttinni en annars var engin hætt á ferðum. Í tilkynningu frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu kemur fram að kallaði hafi borist um klukkan hálf ellefu um morguninn, um tvö leytið var

björgunarsveitin Lífsbjörg kom-in á staðinn á BS Björgu eftir að hafa siglt um allan Breiðafjörð. Stefnan var sett á Grundarfjörð þaðan sem báturinn er gerður út og kom Björg með hann í togi í land um kvöldmatarleytið eftir átta tíma siglingu.

Meðfylgjandi mynd er af vettvangi frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu.

SJ

Nýtt skilti vígt á Arnarstapa

Þann 15. júní síðastliðinn var vígt nýtt skilti við minnisvarðann um Bárð Snæfellsás á Arnarstapa. Tilgangur þessa nýja skiltis er að dýpka skilning og upplifun hins almenna ferðamanns á styttnunni af Bárði auk þess að auka skilning á umhverfi styttnunnar og tengslum við sögu, náttúru og menningu á Snæfellsnesi. Styttnan var reist árið 1978 til minningar um Jón Sigurðsson og Guðrúnu Sigtryggsdóttur frá Bjargi á Arnarstapa og son þeirra, Trausta, sem varð úti ungur að aldri. Börn þeirra Jóns og Guðrúnar létu reisa minnisvarðann og var hann hlaðinn af myndhöggvaranum Ragnari Kjartanssyni og múrarameistararum Páli Sigurbjörnssyni. Fjölskylda Guðrúnar og Jóns tóku líka þátt í hleðslunni í sjálfböðavinnu. Nú 46 árum eftir að minnisvarðinn var reistur komu niðjar Guðrúnar og Jóns saman á Arnarstapa við afhjúpun skiltisins en unnið hefur verið að skiltinu í nokkurn tíma. Það var Kristinn Gunnar Atlason, barnabarn Guðrúnar og Jóns sem



gerði skiltið sem stendur nú fyrir framan minnisvarðann.

SJ

Afstaða innflytjenda

Íbúakönnun landshlutanna er samstarfsverkefni allra landshlutasamtaka utan höfuðborgarsvæðisins, ásamt Byggingastofnun. Könnunin hófst haustið 2023 en dróst fram á veturinn 2024. Þátttakendur voru um 11.500. Könnunin byggir á tilviljunarkenndu úrtaki. Könnunin var lögð fyrir á íslensku, pólsku og ensku. 900 innflytjendur komu inn í könnunina en um 600 svöruðu flestum spurningum. Íbúakönnunin var fyrst framkvæmd á Vesturlandi árið 2004 en síðan á þriggja ára fresti. Könnunin var nú framkvæmd í annað sinn á öllu landinu.

Þann 19. júní kom út Íbúakönnun landshlutanna 2023 – afstaða innflytjenda. Í þeirri skýrslu er dregin fram afstaða innflytjenda í nýlokinni íbúakönnun og hún borin saman við afstöðu Íslendinga. Einnig var hún borin saman við afstöðu innflytjenda árið 2020 þegar síðasta könnun var framkvæmd.

Atvinnuöryggi jókst á milli kannanna gagnvart innflytjendum en annars versnuðu fleiri þættir er tengjast búsetuskilyrðum en þeir sem lögduðust á milli kannanna. Mest munar um fasteignamarkaðinn (íbúðir til sölu og leigu) auk almenningssamgangna,

heilsugæslu, afþreyingu og soppamála. Athygli vekur að innflytjendur stóðu mun ver á fasteignamarkaði en Íslendingar jafnvel þó Íslendingar teldu enga aðra þætti verri meðal þeirra 40 sem taldir voru upp sem búsetuskilyrði í könnuninni.

Innflytjendur eru ítrekað óánægðari með skólana á Íslandi en Íslendingar. Það gæti tengst tungumálinu en hefur samt ekki verið sannreynt þegar þetta var skrifað. Það sama má segja um þætti sem tengjast vinnumarkaðnum þó svo dregið hafi úr þeim muni gagnvart atvinnuöryggi enda Covid-kreppan gengin yfir en samkvæmt erlendum rannsóknum hafa kreppur haft tilhneigingu til að bitna frekar á atvinnu innflytjenda en innfæddra.

Annars eru innflytjendur almennt óánægðari með að búa þar sem þeir búa hérlandis en Íslendingar, líklegri til að flytja brott, töluvert óhamingjusamari, óánægðari með þjónustu síns sveitarfélags og fleirum þeirra finnst ferðamenn vera of margir þar sem þeir búa en Íslendingum.

Könnunina í heild sinni má finna á íslensku, pólsku og ensku á heimasíðu SSV



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Bæjarstjórnarfólk fræddist um starfsemi hafna

Um miðjan júní heimsótti bæjarstjórn Snæfellsbæjar hafnir Snæfellsbæjar. Heimsókninn byrjaði á yfirferð Björns Arnaldssonar, hafnarstjóra, um framkvæmdir og dagleg verkefni á höfnum sveitarfélagsins. Svo kíkti bæjarstjórnin á höfnina í Ólafsvík og skoðaði framkvæmdir þar, þaðan héldu þau á Rifshöfn og enduðu svo heimsóknina á Arnarstapa-höfn. Hafnir Snæfellsbæjar eru í töluverðum framkvæmdum og viðhaldi árið 2024 líkt og önnur ár, þar má meðal annars nefna endurbyggingu og stækkun á trébyggjunni í Ólafsvík, endurbætur á hafnarhúsunum í Ólafsvík og Arnarstapa, dýpkun á höfninni í Rífi og Ólafsvík, nýir löndunarkranar á Rífi og sjóvarnir víða í sveitarfélaginu.

SJ



Sögur á setbökkjum



Soroptimistaklúbbur Snæfellsness var stofnaður 9. nóvember 1991.

Eitt af verkefnum klúbbsins er að halda á lofti sögum um konur og stúlkur. Við fengum Anton Ingólfsson til að smíða fjóra trébeppi sem hafa þann tilgang að minna á sögu á hverjum stað.

Fyrir nokkrum árum fékk klúbburinn skógræktarreit til umráða í Tröð á Hellissandi. Á sumardaginn fyrsta árið 2013 gaf klúbburinn trébeppi í Tröð með frásögnum af konum sem sóttu sjóinn frá Dritvík og fleiri Verstöðvum á Snæafllsnesi fyrr á öldum. Sæmundur Kristjánsson tók saman þessar frásagnir.

Þann 16. september 2014 af-

henti klúbburinn trébeppi við Hvalsá í Ólafsvík. Ottó Árnason, einn af stofnfélögum Ungmennafélagsins Víkings, beitti sér fyrir því að gerð var stífla í Hvalsá. Þannig byrjaði sundkennsla í Ólafsvík.

Þann 14. apríl 2015 vígði klúbburinn bekk við Lýsulaugar. Þar má lesa um heita ölkelduvatnið á Lýsuhóli og sögu þessa baðstaðar allt frá landnámsöld.

Í ágúst 2015 var síðasti bekkurinn tekinn í notkun og er staðsettur í kirkjugarðinum á Hellnum. Þar er Helgu Halldórsdóttur frá Dagverðará minnst og lesa má ljóð eftir hana og barnabarn hennar, Ólínu Gunnlaugsdóttur frá Ökrum.

Fjárfest í búnaði fyrir frjálsar íþróttir



Ungmennafélagið Víkingur Reynir keypti nýlega hring til notkunar í frjálsum íþróttum. Hringurinn var búinn til fyrir félagið og er ætlaður í kúluvarp. Hringurinn kostar tæplega 390 þúsund krónur og fékk ungmennafélagið styrki frá Lionsklúbbum Rán og Héraðssambandi Snæfellsness og Hnappadalssýslu. Lionsklúbburinn Rán styrkti Víking Reyni um 100 þúsund krón-

ur til kaupa á hringnum og HSH styrkti kaupin um 40 þúsund krónur. Á meðfylgjandi mynd eru Marta Pétursdóttir og Elín Krístrún frá Lionsklúbbum Rán, Tinna Ýr Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri UMF Víkings/Reynis og Helga Guðrún Sigurðardóttir sem situr í stjórn ungmennafélagsins með hringinn.

SJ



Jökull Bæjarblað



steinprent@simnet.is



436 1617

Ert þú í tengslum?



ist flóknara samstarfs milli þjónustustofnana.

Nærsmfélagið virkjað gegn einmanaleika

Tengiráðgjafi þarf að hafa yfirsýn yfir þjargir nærsamfélagsins, sérstaklega þau úrræði sem eru líkleg til að auka félagsleg samskipti viðkvæmra hópa og vinna gegn einmanaleika. Tengiráðgjafi er þannig í góðum tengslum við aðila úr nærsamfélaginu til að nýta sem best þær þjargir sem fyrir eru í nærsamfélaginu, ryðja úr vegi hindrunum á milli mismunandi þjónustuaðila og byggja upp tengingar á milli þjónustuveitenda í sveitarfélaginu. Á flestum stöðum mun þetta fela í sér samtala á milli félagsþjónustu og heilsugæslu, félagasamtaka, trúfélaga, sjálfbæðaliðasamtaka o.s.frv. Með þessu er nærumhverfið virkjað til þess að taka betur utan um þau sem eru félagslega einangruð eða einmana. Hlutverk tengiráðgjafa er þannig að stíga inn og finna lausn sem hentar hverjum og einum.

Tengiráðgjafar eiga að rjúfa einangrun fólks

Félagsleg einangrun er vaxandi vandamál í nútímasamfélagi og rannsóknir sýna að til mikils er að vinna með aukinni félagslegri virkni enda félagsleg einangrun stór áhættuþáttur einmannaleika. Nú hafa sex sveitarfélög hafið þátttöku í spennandi tilraunaverkefni með ráðningu svokallaðra tengiráðgjafa. Hlutverk tengiráðgjafa er að leitast við að rjúfa einangrun eldra fólks með símtölum og heimsóknum og því að finna leiðir til að auka virkni. Það getur verið auðvelt úrlausnar, eins og með því að tengja saman fólk með svipuð áhugamál, eða kraf-

Það á að vera Gott að eldast

Í minni tíð sem félags- og vinnumarkaðsráðherra hef ég lagt áherslu á að öll séu með í samfélaginu. Tengiráðgjafarnir munu fjölga tækifærum fyrir margt eldra fólk til félagslegrar virkni, draga úr einangrun og ég hlakka til að sjá hvernig útkoman verður. Það á að vera Gott að eldast.

*Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Formaður VG og
félags- og vinnumarkaðsráðherra*

Ný skilti í Grundarfirði



Grundarfjarðarbær hefur undirbúið uppsetningu skilta og merkinga innanbæjar. Bærinn tók upp nýja skiltastefnu þar sem útlit skilta hefur verið samræmt innan sveitafélagsins og stuðst er við nýja handbók um merkinga í náttúru Íslands, Góðar leiðir. Unnið var í samstarfi við hönnuði frá Kolofon og mætti segja að vinnan sé frumraun í að þróa nýjar leiðbeiningar á grunni handbókarinnar, fyrir merkingar í þéttbýli. Nú er komið að uppsetningu vegpresta og vegvita, leiðarvísa sem vísa fólki áfram í leit að sinni þjónustu í bæjarfélaginu. Þjónustuaðilum í bænum var boðin þátttaka með merkingu á þjónustu og tóku þeir einnig þátt í að velja staðsetningu skiltanna. Vegvitarnir eru svo minni gerð af merkingum og eru þeir hugsaðir til þess að auka enn frekar sýnileika viðkomandi þjónustu eða áningarstaðar. Vegprestarnir eru staðsettir á

sex stöðum innanbæjar og eiga að nýtast bæði gestum og nýjum íbúum í bænum, gangandi og akandi. Á hverjum vegpresti er ílangt skilti með QR kóðum, annar sem vísar á götukort bæjarins á bæjarvefnum og annar á upplýsingar um þjónustu í bænum. Notast er við lerki í stöðir skiltanna frá Skógarafurðum ehf. í Fljótsdal. Skiltaplöturnar eru prentaðar hjá Myndun ehf. á Sauðárkróki. Sami litur er á skiltunum og í bæjarmerki Grundarfjarðarbæjar sem Baltasar Samper hannaði, og er sá litur einnig á höttum, skóm og hliðarplötum skiltanna. Næst á dagskrá er svo að endurnýja gömlu upplýsingaskiltin frá Kiwanis klúbbnum sem eru við aðkomuna í bæinn auk þess að endurnýja fleiri skilti í bæjarfélaginu, til dæmis við listaverk bæjarins. Farið er í þessar breytingar allar í því skyni að bæta upplýsingagjöf og læsileika Grundarfjarðarbæjar.

SJ

Vegna sumarleyfa kemur Bæjarblaðið Jökull ekki út í vikum 28 - 32.

Fyrsta tölublað eftir sumarfrí kemur út 15. ágúst.





SANDARA- OG RIFSARAGLEÐI

11. -14. JÚLÍ 2024

ALLIR VELKOMNIR Í GLEÐINA!



FIMMTUDAGUR

Kl. 11:00 - 11:45

Þjóðgarðsmiðstöð
Barnastund með Landverði



Kl. 16:00

Hæfileikakeppni í Frystiklefanum
f. 6-16 ára - Skráning hjá Dóru
s. 662-0170 og dora@gsnb.is

Kl. 18:00

Þjórhlaup við Utgerðina
Skráning hjá Rut og Heimi Berg



Kl. 20:00

Skemmtikvöld K100 í
Röstinni á Hellissandi.
Glæsileg dagskrá með
skemmtikröftum frá K100.
Pöbkkviss, uppistand og bingó.
Glæsilegir vinningar. Frítt inn.



FÖSTUDAGUR

Kl. 16:00

Opnun sýningar í Saltportinu
Ólíu og vatnslitamyndir
Ómar Svavarsson,
Ragna Marteinsdóttir og Marteinn
Knarán Ómarsson.

Kl. 16:00

Markaður opnar í Bjarmahúsi
Líka opið frá kl. 13:00 á laugardegi

Kl. 18:00

Skemmtun í Tröð á Hellissandi
- Slysósúpa
- Hoppukastalar
- Bestu lög barnanna
- Brekkusöngur

**BESTU LÖG
BARNANNA**



ÞAKKIR

Adventure Hotel Hellissandur
Apótek Vesturlands
CF SNB
Fallegt.is
Fiskmarkaður Íslands
Fiskmarkaður Snæfellsbæjar
Frystiklefinn
Gilbakki
Glacier Paradise
Guðbjartur

Hárgreiðslustofa Gunnhildar
Hóperóabílar Svans Kristófers
Hraðbúðin Hellissandi
Hraðfrystihús Hellissands
JE Bílverk
KG Fiskverkun
Láarif
Landsbankinn
Menningarnefnd Snæfellsbæjar
Nónvarðá
Sandbrún

Sjávaröðjan
Sjoppán Ólafsvík
Skarðsvík
Sker Restaurant
Snæfellsbær
Snæfellsjökulsþjóðgarður
Steinprent
Summit Adventure Guides
Utgerðin
Útnes

LAUGARDAGUR

Kl. 10:30

Við Grunnskólann á Hellissandi
- Lítaflaup kl. 10:30
- Hverfakeppni kl. 11:00
- Grillaðar pylsur í boði Landsbankans
Skráning í hverfakeppni hjá Ara Bent
s. 866-6939. 6 keppendur í hverju liði.
Fleiri en eitt lið úr hverju hverfi mega taka þátt.



Kl. 13:00

Þjóðgarðsmiðstöð - Afhjúpun listaverks og
opnun myndlistarsýningar.

Kl. 13:00 - 16:00

Við Röst á Hellissandi:
- Markaður
- Kaffisala Kvenfélags Hellissands
- Hoppukastalar fyrir börnin.



Kl. 13:00 - 16:00

Í Grunnskólanum á Hellissandi:
- Myndlistasýning, Steinunn og Björg
Júliúsdætur
- Ljósmyndasýning

Kl. 15:30

Skrúðganga frá Röst að Reynisvelli
til að styðja fótbolta-liðið okkar!



Kl. 16:00

Reynisvöllur
Reynir vs. Hörður í.

Kl. 18:00

Götu-grill í öllum hverfum



Kl. 23:00 - 03:00

Ball í Röst - 90's þema
Hljómsveitin Allt í einu heldur uppi stuði
fram á nótt. Miðasala í Utgerðinni
Miðaverð kr. 3500 í forsölu
kr. 4500 við hurð

90'S ÞEMA



ALLA HELGINA

Sjóminjasafnið á
Hellissandi
Opið alla helgina 11-17

Himinhjörg Listahús
Opið alla helgina 12-18+

Spaghettkirkja
Hellissands. Listasafn
og bókaúð Bjarkeyrar
Opið alla helgina 12-18+

Gilbakki kaffihús
Opið alla helgina 11-17

Hraðbúðin Hellissandi
Opið alla helgina 10-18

Utgerðin
Verslun og vinstofa
Opið alla helgina 12-18+

Þjóðgarðsmiðstöð á
Hellissandi
Opið alla helgina 10-17

Matarlist
Opið alla helgina 10-17

Adventure Hotel
Hellissandur
Mural veitingastaður
Opið fimmtudag til
laugardag - 13-22

Frystiklefinn á Rífi
Ýmsir viðburðir, líffandi
tónlist, karaoke og fl.
Sjá nánar á vefsíðu
www.frystiklefinn.is

Hvaða hverfi skreytir best?

Dýngjubúð, Keflavíkurgata og Naustahúð

Helluhöll, Seihöll, Laufás og Klettshúð

Bárðarás, Skólubraut, Snæfellsás, Hellisbraut 5-21

Hraunás, Munnárhöll, Hellisbraut 16-20

Rífi

